

Umhverfisráðuneytið
Sesselja Bjarnadóttir
Skuggasund 1
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 19. júlí 2006
2006070003/42-4-3
JGO/rsb

Lundaungar - umsögn um útflutning

Vísað er til bréfs ráðuneytisins, dags. 30. júní sl., þar sem óskað er eftir afstöðu Náttúrufræðistofnunar Íslands til óskar um leyfi til að flytja úr landi 60 lifandi lundaunga (sbr. umsókn frá Loro Parque, Tenerife, dags. 28. júní 2006).

Náttúrufræðistofnun leggst ekki gegn því að leyfi verði veitt fyrir veiðum þessara 60 lundaunga og útflutningi þeirra.

Stofnunin telur hins vegar að ekki eigi að veita fleiri slík leyfi fyrr en búið er að athuga hver árangurinn er af slíkum útflutningi fugla frá landinu í dýragarða erlendis. Stofnunin telur brýnt að ráðuneytið mótí stefnu varðandi þennan útflutning.

Virðingarfyllst

Jón Gunnar Ottósson
forstjóri

